



# Siðareglur Sýnar hf.



SPORT



# Efnisyfirlit

## Fylgni við lög og fjárhagsleg heilindi

- Samkeppnislög 4
- Innherjaviðskipti 5
- Gjafir og boð 5
- Nákvæmt og fullnægjandi bókhald 6
- Innkaup og samningar 6
- Eignir fyrirtækisins 6

## Samskipti

- Samskipti við stjórnvöld og stofnanir 7
- Samskiptareglur 7
- Trúnaðarupplýsingar 8

## Viðskiptavinir

- Þjónusta við viðskiptavini 9
- Persónuvernd 10

## Umhverfi og samfélag

- Umhverfismál 11
- Samfélagið sem við erum hluti af 12
- Stjórnmalabátttaka 12

## Mannauður

- Jöfn tækifæri 13
- Áreitni og einelti 13
- Persónuvernd starfsmanna 14
- Vinnuvernd 14
- Hagsmunaárekstrar 14
- Vina-, fjölskyldu- og vinnutengsl 15





# Siðareglur Sýnar hf.

Siðferðisleg viðmið starfsmanna Sýnar og leiðbeiningar um viðbrögð við siðferðislegum álitamálum. Gefnar út í október 2012 – síðast uppfærðar í nóvember 2021

Starfsfólki Sýnar ber skylda til að starfa eftir þeim siðareglum sem félagið hefur sett sér. Siðareglurnar eru aðalstefnuskjal okkar þar sem gerð er grein fyrir þeim kröfum sem við gerum til allra þeirra sem vinna fyrir og með félaginu. Þeim er ætlað að gefa okkur sameiginlegan skilning á hvaða þætti þarf að hafa í huga til að tryggja heilindi og traust viðskiptavina, samstarfsfólks og samfélagsins sem við erum hluti af. Þær undirstrika einnig ábyrgð okkar gagnvart starfsfólki, samstarfsaðilum og hluthöfum.

Siðareglurnar hjálpa okkur jafnframt að taka upplýstar ákvarðanir og leiðbeina okkur hvert við getum leitað til að fá frekari upplýsingar. Hafa skal í huga að ákveðnar reglur, umfram siðareglur, gætu átt við þitt starf.

Við gerum ekki einungis ríkar kröfur til okkar sjálfra þegar kemur að siðferði heldur væntum við þess einnig að birgjar okkar og samstarfsaðilar hafi samskonar viðmið og fari í öllu að lögum og reglum. Það getur haft alvarlegar afleiðingar að fara ekki eftir siðareglunum. Brot á siðareglum eru

tekin mjög alvarlega og eru unnin faglega af viðeigandi aðilum eins fljótt og mögulegt er.

Siðareglurnar okkar skiptast í fimm meginþætti:

1. Fylgni við lög og fjárhagsleg heilindi
2. Samskipti
3. Viðskiptavinir
4. Umhverfi og samfélag
5. Mannauður



# Fylgni við lög og fjárhagsleg heilindi

Við fylgjum ákvæðum allra innlendra og alþjóðlegra laga sem gilda um starfsemina og framfylgjum viðeigandi stöðlum og reglum. Við byggjum fjárhagslegar ákvarðanir á viðskiptalegum forsendum og vinnum að því að hámarka arð eigenda til lengri tíma. Við verjum fjármunum Sýnar skynsamlega og leitum bestu leiða í innkaupum og nýtingu hverju sinni.

## a. Samkeppnislög

Sýn leggur ríka áherslu á að farið sé að samkeppnislögum í einu og öllu. Samkvæmt þeim er keppinautum m.a. algjörlega bannað að eiga með sér samráð um verð, markaðsaðgerðir og skiptingu markaðar.

Sérstakan vara skal hafa á þegar gerðir eru samningar af einhverju tagi við keppinauta

á markaði, en slíkt getur reynst nauðsynlegt t.d. af tæknilegum ástæðum. Hér er ekki eingöngu átt við formlegan og undirritaðan samning, heldur getur samningur eða samkomulag komist á milli aðila með símtali eða tölvupósti.

Starfsmaður skal hafa samband við lögfræðing Sýnar ef vafi leikur á samkeppnislögmæti tiltekinnar aðstæðna,

samskipta eða samninga.

Starfsmaður deilir ekki viðkvæmum samkeppnisupplýsingum, t.d. um verð, kostnað eða sölutölur, með starfsmönnum keppinauta.

Starfsmaður gerir hvorki samkomulag við keppinaut um að keppa ekki við hann um tiltekna viðskiptavini eða svæði, né gerir samkomulag um markaðshlutdeild.



## b. Innherjaviðskipti

Allt starfsfólk Sýnar skal fara eftir viðeigandi lögum og reglum um viðskipti með hlutabréf í félaginu. Samkvæmt þeim er starfsfólki bannað að eiga viðskipti með hlutabréf á grunni verðmótandi upplýsinga sem ekki eru opinberar en það býr yfir vegna starfs síns.

Fylgni við lög er á ábyrgð hvers og eins starfsmanns og brot á þeim gæti leitt til málsóknar á hendur starfsmanni.

Starfsmaður má ekki veita þriðja aðila innherjaupplýsingar. Það er ekki einvörðungu trúnaðarbrot heldur mögulegt lögbrott ef viðkomandi kaupir eða selur hlutabréf í kjölfarið.

## c. Gjafir og boð

Við tiltekna aðstæður getur verið réttmætt að veita eða þiggja gjafir af einhverju tagi í starfi. Mjög brýnt er að meta hverju sinni hvort slíkt sé hluti af eðlilegum viðskiptatengslum eða ætlað að ýta undir óeðlilega fyrirgreiðslu. Starfsfólk Sýnar hvorki býður né gefur verðmæti af nokkru tagi til opinberra aðila í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvarðanatöku, tryggja samkeppnisforskot eða flýta fyrir lögboðnu ferli fyrir tiltekin mál. Einu gildir

hvort greiðsla er innt afhendi beint eða óbeint, í gegnum umboðs- eða samstarfsaðila.

Óheimilt er að þiggja boð eða gjafir sem ætla má að hafi þann tilgang að hafa áhrif á viðskiptalegar ákvarðanir. Þannig má ekki bjóða eða þiggja gjafir frá aðilum sem eru í samningaferli eða málaferlum við Sýn, nema að slíkt sé hluti af almennum markaðslegum aðgerðum sem ná til fleiri aðila. Hafa ber í huga að jafnvel framlög til góðgerðamála geta talist óviðeigandi ef þau eru veitt í þeim tilgangi að liðka fyrir ferli eða öðlast viðskiptalegt forskot.

Áður en gjöf eða boð frá birgjum eða viðskiptavinum er þegið skal starfsmaður leita eftir samþykki yfirmanns, sem metur hvert tilvik með tilliti til umfangs, tíðni og aðstæðna. Sem viðmið er leyfilegt að þiggja smærri gjafir, t.d. vínflösku eða boð á tónleika, en ekki stærri gjafir, t.d. úr eða síma. Boð í ferðalög skal bera undir framkvæmdastjóra sem metur hverju sinni hvort umrætt ferðalag hafi viðskiptalegt gildi.

Yfirmenn skulu tilkynna mannauð um stærri gjafir sem starfsmenn þiggja.



#### d. Nákvæmt og fullnægjandi bókhald

Sýn heldur nákvæmt fjárhagsbókhald um rekstur félagsins. Við geymum fjárhagsgögn eins lengi og bókhaldslög kveða á um og tryggjum að þeim sé eytt á öruggan hátt að loknum lögbundnum geymslutíma.

Starfsmenn sem sinna bókhaldi skulu ávallt þekkja og fara eftir þeim reglum sem eiga við um störf þeirra. Vakni grunur um að mistök hafi orðið eða frávik frá fjárhagslegum heilindum – sama hversu lítilvægt atvikið virðist – skal tilkynna það strax til næsta yfirmanns, lögfræðings Sýnar, öryggisstjóra eða mannauðsstjóra.

#### e. Innkaup og samningar

Það er á ábyrgð hvers starfsmanns að kynna sér reglur um útgjöld og fjármál sem eiga við um starf hans. Fjárútlát þurfa ávallt að vera réttlætanleg, innan hæfilegra marka og í réttu hlutfalli við ávinning.

Stjórnendur bera ábyrgð á öllum kostnaði sinna sviða og deilda. Við reynum ávallt að gera bestu mögulegu innkaup og leita tilboða þegar það er hægt. Taka skal tillit til fleiri þátta en verðs, t.d. gæða, þjónustu, áreiðanleika, sjálfbærni og samningsskilmála, þegar tilboð eru metin.

Starfsfólki ber að tryggja að innkaup séu hafin yfir siðferðislegan vafa og leggja áherslu á að verktakar og birgjar fari að almennum viðmiðum um heilsu, öryggi og umhverfisáhrif.

Starfsfólki ber að kynna sér vel samninga sem það gerir fyrir hönd Sýnar og skilja til fulls skilmála þeirra. Leita skal ráða hjá innkaupastýringu og lögfræðingi Sýnar þegar við á.

Samningar fyrir hönd Sýnar skulu vera skriflegir og innihalda alla viðeigandi skilmála sem aðilar samþykkja.

#### f. Eignir fyrirtækisins

Eignir fyrirtækisins má ekki nota í persónulegum tilgangi, hvorki búnað né aðrar efnislegar eignir, nema að slíkt sé sérstaklega heimilað.

Starfsmaður ber ábyrgð á þeim búnaði frá fyrirtækinu sem hann hefur til afnota. Hann skal fara vel með búnaðinn og lágmarka hættuna á að hann skemmist eða glatist. Ef búnaður glatast eða verður fyrir tjóni skal tilkynna það tafarlaust til öryggisstjóra. Það sama gildir um lykilorð og reikningsupplýsingar sem tapast eða komast í hendur óviðkomandi.

Vörumerki, trúnaðarupplýsingar, sérfræðiþekking og einkaleyfi eru meðal verðmætustu eigna fyrirtækisins. Starfsfólk skal tryggja að öll notkun á vörumerkjum Sýnar samræmist vörumerkjaleiðbeiningum fyrirtækisins og tilkynna allan grun um misnotkun á vörumerkjum eða öðrum hugverkum til lögfræðings Sýnar.

Í ráðningarsamningum er tilgreint að Sýn er réttmætur eigandi þeirra hugverka sem starfsmenn þróa í starfi. Sé hugverkaréttur Sýnar ekki þekktur eða varinn á réttan hátt geta verðmæti glatast. Starfsmenn skulu því tryggja að Sýn sé unnt að vernda allar uppfinningar og hugmyndir sem eru einkaleyfishæfar. Jafnframt skulu þeir halda fullum trúnaði um þróun á vörum og þjónustu nema með samþykki yfirmanna um annað.



# Samskipti

Sýn stuðlar að opnum og gagnsæjum samskiptum við alla hagsmunaaðila að því marki sem viðskiptatrúnaður heimilar. Við stöndum vörð um trúnaðarupplýsingar og tryggjum að notkun þeirra takmarkist við þá einstaklinga sem nota þær í starfi sínu.

## a. Samskipti við stjórnvöld og stofnanir

Sýn leggur áherslu á góð samskipti við löggjafarvaldið og aðra hagsmunaaðila, t.d. opinberar stofnanir, frjáls félagasamtök, greiningaraðila á markaði og viðskiptavini. Við veitum greinargóðar upplýsingar um starfsemina í samræmi við vinnureglur sem gilda innan fyrirtækisins.

Sýn tekur þátt í umræðu um tillögur opinberra aðila, stofnana og stjórnvalda sem kunna að varða starfsemi félagsins og atvinnugreinina í heild.

Ef starfsmanni verður kunnugt um nýjar tillögur stjórnvalda sem tengjast starfsemi Sýnar skal hann tryggja að vitneskjan berist til viðeigandi aðila innan fyrirtækisins, svo hægt sé að bregðast við með réttum hætti.

## b. Samskiptareglur

Gagnkvæm virðing er lykilorð í öllum samskiptum hjá Sýn. Starfsfólk skal ávallt veita skýrar og heiðarlegar upplýsingar á einföldu máli og hafa í huga að allt sem það segir hefur áhrif á orðspor Sýnar. Það á ekki síst við um stöðufærslur, myndbirtingar og yfirlýsingar á samfélagsmiðlum eins og Facebook, Twitter og Instagram, hvort sem



Það er birt á einkasíðu starfsmanns eða síðu sem merkt er fyrirtækinu.

Samskipti við fjölmiðla og fjárfesta eru alfarið á ábyrgð forstjóra Sýnar.

Höfum í huga að strangar reglur gilda um miðlun upplýsinga hjá félögum sem skráð eru á hlutabréfamarkað, þar sem upplýsingar geta breytt miklu um þróun á verði hlutabréfa og markaðsverðmæti fyrirtækja.

Starfsfólk skal sjá til þess að vinnufélagar og/eða viðskiptavinir fái nauðsynlegar upplýsingar þegar þeir þurfa á því að halda. Miðla skal upplýsingum eins fljótt og auðið er svo afgreiðsla mála tefjist ekki.

Starfsfólk skal ávallt sýna almenna skynsemi og kurteisi í öllum samskiptum og hafa í huga að almennar kurteisisreglur gilda einnig um tölvupóstsamskipti og önnur rafræn samskipti.

### C. Trúnaðarupplýsingar

Starfsmönnum Sýnar ber skylda til að standa vörð um allar trúnaðarupplýsingar. Til trúnaðarupplýsinga teljast m.a. samningar, tæknilysingar, viðskiptaupplýsingar, símtalsgögn viðskiptavina og reikningar og hverjar aðrar verðmætar upplýsingar sem ólíklegt er að almennt séu kunnar.

Sýn leggur sérstaka áherslu á að trúnaðarupplýsingar frá þriðja aðila séu meðhöndlaðar rétt. Hafi trúnaðarupplýsingar verið veittar í ákveðnum tilgangi er ekki heimilt að nota þær í öðrum tilgangi.

Ef nauðsynlegt reynist að veita utanaðkomandi aðila aðgang að trúnaðarupplýsingum, t.d. vegna verkefna sem sá aðili sinnir fyrir Sýn, skal hann gera skriflegan samning við fyrirtækið til að tryggja trúnað. Áður en upplýsingum frá utanaðkomandi aðila er deilt skal ganga úr skugga um að slíkt sé heimilt. Starfsfólk skal ráðfæra sig við lögfræðing Sýnar leiki vafi á því hvort deila megi ákveðnum upplýsingum með þriðja aðila.

Starfsfólk Sýnar skal tryggja að trúnaðarskjöl fyrirtækisins séu merkt sem trúnaðarmál og séu varðveitt í samræmi við það. Að auki er lögð áhersla á að starfsfólk takmarki dreifingu upplýsinga við þá sem hafa þörf fyrir þær.

Mikilvægt er að tölvur séu læstar þegar starfsmenn eru ekki við þær og trúnaðarupplýsingar skal geyma í þar til gerðum hirslum. Við eyðingu trúnaðarupplýsinga skal nýta þar til gerðar tunnur í prenterbergjum.

Starfsmenn Sýnar skulu ekki falast eftir eða taka við trúnaðarupplýsingum úr rekstri keppinauta, viðskiptavina, birgja eða samstarfsaðila nema slíkt sé nauðsynlegt starfi þeirra og fyrir liggi samningur um trúnað. Berist slíkar upplýsingar óumbeðið skal skila þeim eða eyða.





# Viðskiptavinir

Það er yfirlýst markmið Sýnar að auka ánægju viðskiptavina sinna. Starfsfólki er uppálagt að hafa það lykilmarkmið í huga við öll sín störf, hvort sem það er í beinum samskiptum við viðskiptavini, við þróun vöru eða þjónustu, stefnumótun eða rekstrarlega þætti. Við virðum einkalíf viðskiptavina í einu og öllu og höfum persónuverndarsjónarmið í huga þegar vörur eru þjónustur eru þróaðar.

## a. Þjónusta við viðskiptavini

Starfsmenn Sýnar aðstoða viðskiptavini við að velja vörur og þjónustu sem hentar þeirra aðstæðum og nýtast við leik og störf. Ekki skal hvetja viðskiptavini til að fjárfesta í vörum eða þjónustu umfram fjárhagslega getu. Starfsmenn bregðast skjótt og örugglega

við óskum viðskiptavina og aðstoða eftir fremsta megni við innleiðingu og notkun vöru og þjónustu.

Við uppbyggingu vöru og þjónustu skal ávallt hafa hagsmuni og þarfir viðskiptavina í huga. Verð vöru og þjónustu skal ákvarðað með sanngjörnum hætti.

Eigi viðskiptavinur í erfiðleikum með að standa skil á skuldbindingum sínum við Sýn skal í samvinnu við hann leita heppilegra leiða til úrlausnar í samræmi við vinnureglur fyrirtækisins.



## b. Persónuvernd

Persónuvernd er margþætt í augum viðskiptavina okkar – að tryggja sé að einkasamskipti séu virt, að þeir séu ekki ónáðaðir með óviðeigandi eða óumbeðnum samskiptum eða ruslpósti og að persónuupplýsingar þeirra séu meðhöndlaðar á réttan hátt.

Starfsmenn skulu ekki skoða eða veita upplýsingar um viðskiptavini án heimildar. Slíkt er brot á trúnaðarskyldu og getur haft í för með sér riftun á ráðningarsamningi auk þess sem slíkt gæti verið refsivert lögbrot.

Hafa skal í huga að persónuupplýsingar eru vítt hugtak og til dæmis teljast farsímanúmer viðskiptavina til þeirra, jafnvel þótt við búum ekki yfir upplýsingum um nafn eða heimilisfang notanda. Sumar upplýsingar eru sérlega viðkvæmar og má aðeins meðhöndla að takmörkuðu leyti, s.s.:

- Upplýsingar sem tengjast efnisinnihaldi samskipta (t.d. skilaboð í talhólfi eða tölvupósti).
- Notkunar- og staðsetningargögn sem fengin eru frá símkerfum.
- Skráðar upplýsingar sem kunna að leiða í ljós viðkvæmar upplýsingar um einkahagi fólks og skoðanir.

Nánar má sjá upplýsingar í persónuverndarstefnu Sýnar sem er aðgengileg á ytri vef fyrirtækisins og innri vefjum.



# Umhverfi og samfélag

Við einsetjum okkur að vernda umhverfið, ganga um landið af virðingu og að framkvæmdir á okkar vegum valdi sem minnstu umhverfisraski. Við lágmörkum notkun á óendurnýjanlegum auðlindum og losun skaðlegra efna út í umhverfið. Við leggjum okkar af mörkum við uppbyggingu og framþróun samfélagsins með því að veita mikilvæga þjónustu og stuðla að virkri samkeppni á markaðnum. Við styrkjum valin samfélagsleg verkefni með ýmsum hætti en tökum ekki þátt í pólitískri starfsemi.

## a. Umhverfismál

Við leggjum okkur fram við að lágmarka áhrif starfseminnar á umhverfið. Við einsetjum okkur að umhverfisrask vegna framkvæmda á okkar vegum og ferðalaga, t.d. á hálendi Íslands, sé eins lítið og mögulegt er. Við hvetjum til þess að notkun umbúða sé haldið í lágmarki og sem flestar GSM sendistöðvar noti endurnýjanlega orku í stað

jarðefnaeldsneytis. Við hvetjum til ábyrgrar förgunar á rafrænum úrgangi, t.d. gamla símtækja og rafhlaðna.

Starfsmenn Sýnar skulu kynna sér öll umhverfislög og reglur sem eiga við um starf þeirra og leita leiða til að draga úr úrgangi, t.d. takmarka prentun og endurnýta pappír, slökkva ljós og ekki nota einnota drykkarmál. Öllum efnum skal fargað með réttum hætti, t.d. með því að nota viðeigandi ílát innan

fyrirtækisins. Hugað skal að sparastri við notkun á bílum í eigu Sýnar og umhverfismál skulu höfð til hliðsjónar við innkaup á vörum og þjónustu.

Sýn hvetur starfsmenn til að nota umhverfisvæna samgöngukosti, t.d. ganga eða hjóla í vinnuna, nota almenningssamgöngur eða deila bíl með vinnufélögum.



### **b. Samfélagið sem við erum hluti af**

Við skiljum þörf samfélagsins fyrir traust og örugg fjarskipti, gagnsæi og ábyrgð í rekstri fyrirtækja og veitum réttar upplýsingar um mál er varða samfélagið. Við erum meðvituð um að starfsemin hefur áhrif á samfélagið, berum virðingu fyrir öllum skoðunum sem kunna að koma upp vegna reksturs og þjónustu Sýnar og bregðumst við þeim með jákvæðum og uppbyggilegum hætti.

Sýn uppfyllir samfélagslegar skyldur, m.a. með því að greiða á réttum tíma skatta og opinber gjöld sem nýtast við uppbyggingu samfélagsins. Við veitum opinberum stofnunum ávallt réttar upplýsingar varðandi öll mál, t.d. sem varða orlofs- og bótarétt.

Sýn tekur virkan þátt í margvíslegum uppbyggilegum samfélagsverkefnum í

samstarfi við félög og samtök sem valin eru af kostgæfni. Sýn starfar ekki með félögum eða samtökum þar sem gert er upp á milli fólks á grundvelli kynþáttar, trúar, kyns eða kynhneigðar. Þá gerir Sýn skýra kröfu um að þeir aðilar sem veljast til samstarfs við félagið hafi mótað sér skýra stefnu gegn hvers konar ofbeldi og vinni hörðum höndum að auka jafnrétti í samfélaginu.

### **c. Stjórnmalapáttaka**

Sýn styður hvorki stjórnmalaflokka né framboð einstaklinga með beinum fjárframlögum eða stuðningsyfirlýsingum, en býður þjónustu sem þeim stendur öllum jafnt til boða.

Starfsmenn skulu ekki nýta stöðu sína til að hvetja aðra til að gefa fé til stjórnmalaflokka eða styðja stjórnmalaflokka eða -menn á

nokkurn annan hátt. Þeir skulu ekki gera upp á milli stjórnmalaflokka eða framboða þegar kemur að því að veita þjónustu Sýnar eða taka á móti fulltrúum þeirra í aðdraganda kosninga. Starfsmenn skulu ekki nýta vinnutíma, síma í eigu Sýnar eða fundaraðstöðu til að styðja framboð, stjórnmalaflokk, framboðanda eða tengd félög. Ekki er heimilt að senda tölvupóst með pólitískum skoðunum eða áróðri úr netföngum í eigu Sýnar og eða tjá skoðanir með opinberum hætti í klæðnaði merktum vörumerkjum í eigu Sýnar.



# Mannauður

Við berum virðingu hvert fyrir öðru og stuðlum að jöfnum tækifærum fyrir alla. Við höfum heiðarleika að leiðarljósi í öllum okkar samskiptum og líðum ekki mismunun, áreitni eða einelti á vinnustaðnum. Stefna Sýnar er að gæta jafnréttis starfsfólks á öllum sviðum. Við stöndum vörð um heilsu, öryggi og vellíðan starfsfólks, við störfum af heiðarleika, heilindum og sanngirni í hverju því sem við tökum okkur fyrir hendur, innan sem utan fyrirtækis.

## a. Jöfn tækifæri

Jafnrétti er liður í starfsmannastefnu Sýnar og er áhersla lögð á að allt starfsfólk sé metið að verðleikum og njóti jafnra tækifæra á vinnustaðnum. Starfsfólki er ekki mismunað á grundvelli kyns, kynþáttar eða þjóðernis, kynhneigðar, aldurs, trúar, skoðana eða annarra þátta skv. ákvæði laga nr. 86/2018. Hegðun á borð við kynbundið ofbeldi,

kynbundna og kynferðislega áreitni er ekki liðin. Starfsfólki af öllum kynjum er gert kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Félagið hefur markað sér jafnréttisáætlun sem markvisst er unnið eftir. Telji starfsmaður sig eða aðra verða fyrir mismunun af hálfu félagsins er hann hvattur til að hafa samband við sinn næsta yfirmann, mannauðsstjóra eða trúnaðarmenn.

## b. Áreitni og einelti

Sýn hefur markað sér skýra stefnu og viðbragðsáætlun gegn einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustaðnum. Það er stefna Sýnar að starfsmenn vinni í anda samstarfs og sýni þannig samstarfsfólki sínu alltaf kurteisi og virðingu í samskiptum. Einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi, verður undir engum kringumstæðum umborin.



Starfsfólk er hvatt til að láta Mannauð vita verði það vitni að hegðun af þessum toga. Með einelti eða áreitni er átt við óæskilega hegðun sem þolandi upplifir sem ógnandi, illkvittna, móðgandi eða niðurlægjandi.

Hegðunin kann að vera í orðum eða athöfnum og getur ýmist birst í beinum persónulegum samskiptum fólks eða að þolanda fjarstöddum, t.d. með myndum, tölvupóstum eða umræðu á samfélagsmiðlum. Öll áreitnismál eru litin alvarlegum augum og skulu stöðvuð samstundis.

Starfsmenn skulu gæta þess að öll ummæli, persónuleg eða starfstengd, séu ekki lítilsvirðandi eða feli í sér áreitni eða árásir. Þetta gildir jafnt fyrir formleg sem óformleg samskipti.

Telji starfsmaður sig verða fyrir áreitni eða einelti skal hann að hafa samband við sinn næsta yfirmann, mannauðsstjóra eða trúnaðarmenn. Verði starfsmaður uppvís að áreitni eða einelti getur það leitt til uppsagnar. Verði starfsfólk vart við mismunun, áreitni eða einelti meðal samstarfsfólks ber því skylda til að láta í sér heyra.

### **c. Persónuvernd starfsmanna**

Við kunnum að meta það traust sem starfsfólk sýnir fyrirtækinu og stöndum tryggan vörð um einkalíf þess. Sýn verndar persónuupplýsingar starfsfólks á sama hátt og persónuupplýsingar viðskiptavina. Réttur starfsfólks til einkalífs við vinnu er virtur og því skal hvorki skoða tölvupóst né samtalskrár nema að fengnu samþykki starfsmanns.

Notkun öryggismyndavéla á vinnustað er eingöngu heimil þar sem tilvist þeirra er rækilega merkt og talin nauðsynleg til að vernda eignir eða starfsfólk félagsins.

### **d. Vinnuvernd**

Sýn stuðlar að heilbrigðu líferni starfsmanna sinna. Ætlast er til að stjórnendur á vinnustaðnum séu góðar fyrirmyndir og stuðli að jákvæðri öryggismenningu innan félagsins. Við hvetjum hvert annað til að rækta eigin sál og líkama og leggjum okkur fram um að skapa jafnvægi milli einkalífs og vinnu.

Við einsetjum okkur að tryggja öllu okkar starfsfólki jákvætt og öruggt umhverfi. Notkun áfengis á vinnustaðnum er eingöngu heimil þegar sérstakt leyfi hefur verið veitt til hennar. Öll notkun, sala eða dreifing ólöglegra vímuefna á vinnustaðnum er litin mjög alvarlegum augum og mun leiða til uppsagnar.

Starfsmenn Sýnar skulu fara eftir reglum, stöðlum og starfsvenjum sem Sýn hefur sett til að tryggja heilsu fólks og öryggi á vinnustaðnum. Tilkynna skal öryggisstjóra eða mannauðsstjóra um öll slys, áhættuhegðun og hættulegar aðstæður umsvifalaust og grípa inn í sé þess kostur.

### **e. Hagsmunaárekstrar**

Við störfum ávallt í þágu Sýnar og viðskiptavina fyrirtækisins og forðumst aðstæður sem geta leitt til hagsmunaárekstra.

Starfsmönnum Sýnar er óheimilt að sinna störfum hjá öðrum fyrirtækjum, nema með samþykki næsta yfirmanns. Störf hjá utanaðkomandi aðilum, sérstaklega



ef þau tengjast birgjum, viðskiptavinum, samstarfsaðilum eða keppinautum, geta valdið hagsmunaárekstrum. Við slíkar aðstæður skal ræða við næsta yfirmann sem metur hvernig bregðast skuli við.

Sitji starfsmaður Sýnar í stjórn annars fyrirtækis eða vinni fyrir það skal hann ekki nýta stöðu sína innan annars fyrirtækisins til að hafa áhrif á hlutverk sitt innan hins.

Starfsmaður Sýnar skal forðast verulegar fjárfestingar sem kunna að leiða til þess að athafnir hans séu, eða líti út fyrir að vera, í eigin þágu á kostnað Sýnar. Sérstaklega á þetta við um stjórnendur sem er skylt að sýna aukna aðgát þegar kemur að persónulegum fjárfestingum. Það er á ábyrgð hvers og eins að ganga úr skugga um að fjárfestingar séu heimilar samkvæmt lögum og athuga hvort þær þarfnist samþykkis.

#### **f. Vina-, fjölskyldu- og vinnutengsl**

Viðskiptatengsl við ættingja, maka eða nána vini geta leitt til hagsmunaárekstra sem erfitt er að leysa úr. Á sama hátt getur náði

persónulegt samband milli samstarfsfólks valdið hagsmunaárekstrum. Mikilvægt er að starfsmenn Sýnar láti aldrei persónuleg sambönd hafa áhrif á starfstengdar ákvarðanir.

Ef starfsmaður Sýnar á í starfi sínu í samskiptum við samtök eða fyrirtæki þar sem maki hans, ættingi eða annar nákominn starfar skal hann upplýsa næsta yfirmann um tengslin, svo hægt sé að tryggja að engir hagsmunaárekstrar skapist.

Jafnframt er mikilvægt að starfsmenn hagi sambandi sínu við verktaka og birgja á faglegan og hlutlægan hátt. Ekki má láta persónuleg tengsl við verktaka, viðskiptavini eða birgja hafa áhrif á nokkra þá viðskiptaákvörðun sem tekin er fyrir hönd Sýnar.

Eigi starfsmaður í nánu vinasambandi eða ástarsambandi við samstarfsmann og telur að það kunni að valda hagsmunaárekstrum af einhverju tagi skal ræða málið næsta yfirmann eða mannauðsstjóra. Í slíkum tilvikum er leitað úrræða sem tryggja að hagsmunaárekstrar séu ekki til staðar.

Starfsmenn skulu ekki taka þátt í ráðningu, yfirumsjón, stjórnun eða skipulagi starfsferils ættingja eða maka. Hvorki er heimilt að starfsmaður afgreiði eða þjónusti sjálfan sig eða fjölskyldumeðlimi né óski eftir eða framkvæmi undanþágu á kostnaði fyrir sjálfan sig, ættingja, maka eða nána vini.



## Hugsaðu málið

Ef þú stendur frammi fyrir siðferðislegu álitaefni þá staldraðu við og hugsaðu málið:

- Ertu óviss?
- Hvaða leiðir eru færar?
- Ertu búin(n) að ráðfæra þig við aðra?
- Vertu viss um að þú getir fært staðföst rök fyrir ákvörðun þinni.

## Tilkynningaskylda

Við berum hvert og eitt ábyrgð á eigin gjörðum og aðgerðaleyfi. Ef við teljum að brotið sé gegn siðareglum Sýnar eigum við að tilkynna slík brot til yfirmanns, mannauðsstjóra, lögfræðings Sýnar eða öryggisstjóra. Ef við teljum að breyta eigi siðareglunum komum við hugmyndum okkar á framfæri til sömu aðila.

### Hverjum starfsmanni ber skylda til að tilkynna um:

- Meint fjármálamisferli, óheiðarleika, peningabætti, spillingu eða svik.
- Öll brot á samkeppnislögum, t.d. verðsamráð.
- Hvers konar brot gegn gagnaleynd eða ólöglega birtingu trúnaðargagna.
- Ef heilsu og öryggi starfsfólks eða almennings er stofnað í hættu, t.d. vegna hótana eða árása þar sem starfsfólk Sýnar kemur við sögu.
- Allan annan grun um refsivert athæfi.
- Alvarlegan og ótilkynntan hagsmunaárekstur.
- Áreiti og einelti.
- Allar tilraunir til að leynd einhverju af ofangreindu.